Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 7. september 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Marta Guðjónsdóttir. Guðrún C. Emilsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing og ályktun ársins

Málræktarþing verður haldið í Eddu fimmtudaginn 24. september. Fundarstjóri verður Eva María Jónsdóttir. Dagskrá málræktarþingsins verður svo:

Kl. 15 Logi Einarsson: Ávarp
Kl. 15.10 Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2026. Guðrún C. Emilsdóttir les.
Kl. 15.20 Atli Jasonarson: Á gervigreindin að gæta tungu minnar?— Um stór mállíkön og smærri tól.
Kl. 15.30 Iris Edda Nowenstein: Hvað gerist þegar heilbrigðistækni virkar ekki á íslensku?
Kl. 15.40 Óttar Kolbeinsson Proppé: Getum við haldið í þórðargleðina? Um áhrif gervigreindar á málsöguna.
Kl. 15.50 Anna Björk Nikulásdóttir: Tækin tala íslensku: Íslenskar raddir í snjalltækjum.
Kl. 16.00 Stefán Ólafsson: Margt ósagt: Þörfin fyrir marghátta íslensk málgögn.
Kl. 16.10 Viðurkenning Íslenskrar málnefndar afhent. Formaður afhendir.

Mjólkursamsalan hefur hannað auglýsingu fyrir málræktarþingið og mun einnig kosta heilsíðuauglýsingu í dagblaði daginn sem málræktarþingið verður haldið.
Ákveðið hverjir hljóti viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2026. Ályktun um stöðu tungunnar 2026 er frágengin og ber hún yfirskriftina Íslensk tunga á tímum snjalltækja.

2) Önnur mál

a. Næsti fundur í stjórn Íslenskrar málnefndar verður haldinn 2. nóvember og fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 12. nóvember.
b. Sjá fg. stj. ÍM 4/2026. Undirbúningshópur að verkefnum á vegum Íslenskrar málnefndar í tengslum við dag íslenskrar tungu kynnti fyrirhugaða myndskeiðaröð Labbað og rabbað sem samanstendur af stuttum myndskeiðum sem birt verða á samfélagsmiðlum frá byrjun nóvember fram að degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Markmiðið er að vekja athygli á íslenskri tungu og höfða sérstaklega til ungs fólks.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.40.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.